

Tillaga ungmennaráðs Kjalarness um aukna þjónustu við flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd R17030002

Lagt er til að Reykjavíkurborg yfirfari fyrir árslok 2017 verklag vegna móttöku flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd, auki fræðslu um málefni þessara hópa og skilgreini og tryggi flóttamönnum og umsækjendum um alþjóðlega vernd aðgengi að nauðsynlegri þjónustu.

Greinargerð:

Ungmennaráð Kjalarness vill að Reykjavíkurborg auki fræðslu um málefni flóttamanna og hælisleitenda því að óvissa og þekkingarleysi sem og skortur á upplýsingaflæði milli þeirra sem að málum standa og íbúa þeirra hverfa sem taka á móti flóttamönnum og hælisleitendum geta alið á fordómum. Ungmennaráðið vill líka gagnrýna skort á þjónustu við hælisleitendur sem búa í póstnúmeri 116, ljóst er að þeir eiga erfitt með að sækja grunnþjónustu þar sem hún er ekki staðsett í hverfinu og almenningssamgöngur eru stopular.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Anna Kristinsdóttir

Umsögn vegna tillögu ungmennaráðs Kjalarness

Borgarráð samþykkti tillögu borgarstjóra árið 2011 um að kannað yrði hvort hægt væri að stuðla að því að hælisleitendur dveldu í Reykjavík meðan fjallað væri um hælisumsóknir þeirra af íslenskum stjórnvöldum. Á þeim tíma dvöldu allir hælisleitendur í Reykjanesbæ og var mikil óánægja í hópnum með þá tilhögun. Í framhaldi að þeirri skoðun undirritaði Reykjavíkurborg samning við Innanríkisráðuneytið árið 2013 um að þjónusta allt að 50 aðila í leit að alþjóðlegri vernd. Frá þeim tíma hefur fjölgað þeim hópi sem Reykjavíkurborg þjónustar og nú byrjun árs 2017 var undirritaðu samningur á milli Innanríkisráðuneytis og Reykjavíkurborgar um að þjónusta allt að 200 einstaklinga.

Allir þeir einstaklingar sem eru í þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar er útvegað húsnæði, fæðispeningar, strætísvagnakort, aðgang að sundlaugum, söfnum og líkamræktarstöð samkvæmt verklagsreglum sem Reykjavíkurborg vinnur eftir. Einnig fá allir möguleika á íslensku eða ensku námi í Mími. Engin umsækjandi um alþjóðlega vernd sem er í þjónustu Reykjavíkurborgar dvelur í pósnúmeri 116.

Þeir aðilar sem hér dvelja í leit að alþjóðlegri vernd og eru í þjónustu Útlendingastofnunar fá annars konar þjónustu en þeir aðilar sem eru í þjónustu sveitarfélaga.

Mannréttindaskrifstofa tekur undir mikilvægi þess að auka fræðslu til almennings um stöðu flóttafólks og mikilvægi þess að allir aðilar sem hér dvelja fái samskonar þjónustu.

Með kveðju
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

